

Back in 2005, the Faculty of Law and Social Sciences (now “of Humanities and Social Sciences”) at the University of Akureyri (UNAK) graduated its first cohort in **Modern Studies**, namely the one and only BA-level degree line in the Humanities (especially Philosophy and History) ever to be offered—and currently still being offered—in the north of Iceland, as well as the sole undergraduate programme in “Modern Studies” (“**Nútímafræði**”) proper in the country—at least at the time of writing. Modelled upon analogous programmes taught at diverse educational levels in both Europe and North America, this Liberal Arts degree line had taken its very first steps in 2000 as part of the undergraduate curriculum of the Faculty of Education at UNAK, before ‘relocating’ into the newly-established Faculty of Law and Social Sciences in 2003, hence maturing into the BA programme celebrated hereby.

Specifically, a wealth of testimonials is being published in this new issue of *Nordicum-Mediterraneum*. The authors of these testimonials, which vary noticeably in both length and chosen language, are some of the programme’s numerous alumni and of the many exchange students who, over the years 2005-2026, benefitted from the multidisciplinary and bilingual character of the programme, as well as from the work by the teachers and specialists who have been contributing more consistently to making Modern Studies the unique and well-established academic reality that it is today. The editor of this collection of testimonials endeavored to reach out to as many alumni and former exchange students as possible, and he is most grateful to all those who replied to his messages and, quite obviously, to all those who eventually contributed their hereby-published testimonials.

Giorgio Baruchello

PART ONE – TESTIMONIALS BY MODERN STUDIES’ ALUMNI

Anna Aðalsteinsdóttir, 2008

Þegar ég byrjaði í Nútímafræðinni haustið 2004 var ég ekki viss á hvað ég skráði mig í. Ég hafði alltaf elskað sagnfræði og líkað vel við samfélagsfræði greinar og þess vegna fór ég í þetta nám (langaði ekki í skóla annarsstaðar). Ég útskrifaðist 2008 tók námið á 4 árum því ég fór 1 önn í skiptinám til Noregs. Nútímafræðin opnaði fyrir mig heim þverfaglegs náms, heim norðurslóðanna og heimskautanna sem hefur námslega átt hug minn allan síðan þá. Ég

hafði möguleika á að fara eina önn til Bodö í Noregi gegnum North2North skiptinema prógrammið. Þar kynntist ég fullt af fólki frá öllum heimshornum þar sem ég bjó á heimavist þar sem flestir skiptinemarnir í skólanum bjuggu á. Þessi önn var hluti af „Circumpolar Studies“ sem er hluti af BA gráðu frá UArctic, sem hægt var að fá (var alla vega þannig þegar ég útskrifaðist 2007). Til að fá BA gráðu í CS þá er nýtt hluti af því námi sem þú ert í í þínum háskóla í mínu tilfalli nútímafræðinni en hinn hlutinn var fjarnámið og önnin sem ég tók í Bodö. Í gegnum það nám fékk ég að fara til Arkhangelsk í Rússlandi á ráðstefnu UArctic þar sem ég útskrifaðist ásamt öðrum nemendum sem voru með mér í Bodö (eingöngu Rússa). Upp úr þessum tveimur BA gráðum fór ég í Heimskautarétt meistaranám. Það að upplifa nám sem er verið að búa til frá grunni var reynsla sem ég bý alltaf að (Kláraði diplóma). Nútímafræðin og Heimskautarétturinn gaf mér færi á að ferðast um mörg af löndunum 8 sem tilheyra norðurslóðunum með því að fara á ráðstefnur (UArctic í Rússlandi, Polar Law Symposium á Grænlandi, Finnlandi og einnig auðvita Íslandi) og skiptinámið í Noregi og 1 áfangi í Heimskautarétti sem var kenndur Færeyjum. (Á eftir að koma til Bandaríkjana og Kanada en maður veit aldrei hvað verður úr seinna á lífsleiðinni. Ég kynntist hins vegar fólki frá þeim löndum í heimskautaréttinum.) Sjálf hef ég ferðast um Danmörku og Svíþjóðar sem túristi. Þessi reynsla sem námið færði mér hefur opnað augu og huga minn fyrir hve allt er í raun tengt og lítið. Þó við búum í litlu samfélagi á norðurhvara þá erum við nátengd alþjóðasamfélaginu og umheiminum.

Anna Sigríður Ólafsdóttir, 2019

Ég var bæði fullorðin og lífsreynd þegar ég hóf nám í nútímafræði við Háskólann á Akureyri árið 2017. Samt hafði ég aldrei alveg náð að finna út hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Ég vissi samt að ég vildi verða menntuð, hvað sem það orð fól nú í sér. Ég vissi bara að ég var ó-menntuð og það var ekki gott.

Að hafa fengið tækifæri til að sækja mér menntun á miðjum aldri var ein stærsta gjöf sem lífið hefur fært mér. Ég veit að þetta kann að hljóma grunnhyggið, en það er satt. Fyrir utan að hafa fengið plástur á laskaða sjálfsmynd mína færði námið mér getuna til að beita í raun og sann gagnrýninni hugsun, sem er stærsta mótvægisáðgerð mín gagnvart heimi sem hefur síðan þá orðið klikkaðri með hverju árinu.

Heimurinn í vestrinu hefur sennilega aldrei verið eins mótsagnakenndur. Á sama tíma og við

erum orðin gríðarlega upplýst um fínofna þræði mannglegrar tilvistar og merkilega klár, virðumst við vera að hverfa aftur til tíma þar sem karlmenn eiga að vera vélar sem skaffa og drepa og konur þjónar þeirra, auðmjúkir hýslar aukins vinnuafls á fórnaraltarið. Þarna nefni ég bara hin klassísku tvö kyn, en sennilega birtist mótsagnakenndi nútíminn einna best þegar umræðan um fleiri kyn ber á góma. Þau sem sjá fínofna þræðina taka breytingunum opnum örmum, hin hafna veruleika sem ekki passar inn í gamla “góða” kassann. Hlutir sem áður voru núansar eru orðnir að flekaskilum og samstaðan raknar upp á saumunum.

Í nútímafræðinni lærði ég meira en áður um samhengi hlutanna. Ekkert gerist í tómarúmi og nútíminn er alltaf afsprengi nálægrar eða fjarlægrar fortíðar. Ég lærði líka að skilja að það eru handhafar valdsins hverju sinni sem bera fyrst og fremst ábyrgð á því hvernig málum er háttað. Það verður þó sífellt flóknara að skilja hverjir það eru. Við lifum ekki lengur á tímum þar sem kirkjan eða konungsdæmi fara með óskorðað vald og það sem verra er að vald kjörinna fulltrúa í lýðræðisríkjum virðist stundum vera eins og eitthvað grín. Það hefur gert það að verkum að lýðræðið sem verkfæri er farið að líta út eins og tannlaus trunta, sem er bæði grátlegt og grafalvarlegt mál.

Eitt af því sem hefur, án tilliti til tímans, verið einkenni valdhafans eru peningarnir. Gervigreindin og þau tól sem hún færir okkur nútímafólkinu er um margt frábær, en við megum þó ekki falla í þá gryfju að halda að hún sé saklaust tæki án nokkurs kostnaðar. Tæki er nefnilega alls ekki lýsandi orð. Gervigreindin er vera, ekki mann-vera en skapnaður mannanna sneidd næmni mennskunnar sem færir okkur skilning á því sem er marglaga og flókið.

Það reynir virkilega á að gefa okkur ekki leti hugans á vald í allri óreiðunni sem nútíminn býður upp á. Á sama tíma og ég hef samúð með okkur mannfólkinu og skil hvernig við verðum svo dofin að við nenum ekki lengur að hugsa sjálfstæða hugsun verðum við sem aldrei fyrr að virkja sellurnar – því vinsælasta varan á markaðnum er athygli okkar og hugsun. Það er gjaldmiðillinn sem knýr áfram maskínuna. Við megum ekki gleyma að umboð yfir þessari vöru höfum við sjálf.

Hugvísindin fela í sér mennsku og þau fela í sér hugsun. Þetta tvennt hefur sennilega aldrei verið eins mikilvægt og í dag. Handhafar valdsins hafa þó alltaf viljað strípa hinn almenna borgara þessu og notað til þess það sem virkar á hverjum tíma. Galdur viðnámsins er fólgin

Í því að koma auga á það og beygja sig ekki undir það - nema að undangenginni meðvitaðri ákvörðun.

Alla daga fagna ég mennskunni og getu minni til að spyrja gagnrýninna spurninga. Stærstan þáttinn í hinu síðarnefnda á nám mitt á sviði hugvísinda.

Ásdís Hreinsdóttir, 2022

The Significance of Humanities in a Time of Cognitive Offloading and Ideological Simplification

The importance of the Humanities is most apparent when their absence becomes evident. The present moment exemplifies this condition. Increasingly shaped by cognitive offloading onto artificial intelligence and by ideological simplification in the form of right-wing extremism, many societies are witnessing a gradual erosion of critical skills and a diminishing capacity for reflective engagement. What is at stake is not merely the fate of academic disciplines, but the weakening of human capacities that the Humanities have cultivated.

As a graduate of the BA program in Modern Studies at the University of Akureyri, my engagement with these questions is not merely theoretical. I am proud to be among those who have completed the Modern Studies program during the twenty years it has been offered, and I am grateful for the outstanding guidance provided by the excellent professors who taught and challenged us throughout our studies. They created an academic environment grounded in rigorous inquiry in which slowing down, questioning assumptions, and justifying interpretations were not only encouraged but expected. This is a practice I continue to rely on when approaching complexity, disagreement, and uncertainty in a world that increasingly rewards speed and certainty.

The Humanities cultivate a mode of thinking centered on meaning, interpretation, and judgment. For me, this way of thinking took shape particularly through sustained engagement with philosophy, a discipline I initially regarded as abstract but gradually came to understand as foundational. The Humanities are not primarily concerned with producing answers, but with cultivating interpretation. They explore how meaning emerges, how

concepts are formed, and how historical and cultural contexts shape thought and expression. Such inquiries resist delegation.

The growing reliance on artificial intelligence poses a particular challenge to these interpretive practices. As more and more cognitive tasks are delegated to automated systems, such as summarizing texts, generating arguments, or organizing information, the risk is not ignorance but the gradual displacement of interpretive responsibility. Artificial intelligence can reproduce patterns and simulate coherence, but it cannot assume accountability for meaning. Understanding involves more than recognizing patterns; it requires situating oneself within a framework of meaning, acknowledging alternatives, and taking responsibility for how interpretations are formed.

At the same time, the resurgence of right-wing extremism exposes the consequences of weakened critical literacy. Simplified historical narratives, rigid identities, and moral absolutism flourish where ambiguity is rejected and historical depth is absent. The Humanities resist this narrowing of thought by fostering attentiveness to complexity rather than promoting competing ideologies. Through philosophy, history, and cultural analysis, students learn to examine assumptions, question origins, and recognize how language shapes reality.

The Humanities are commonly situated within the broader tradition of the Liberal Arts, where education is understood as formation rather than technical training. Rather than preparing individuals for a single function, this tradition equips them to navigate uncertainty, disagreement, and change. In a world increasingly driven by speed, optimization and certainty, such capacities are neither efficient nor easily measured. Yet they remain essential if thought is to remain more than reaction.

For graduates of Modern Studies, reflecting on these experiences is more than a retrospective exercise. It offers an opportunity to articulate, from lived academic experience, why the Humanities and Liberal Arts continue to matter at a time when their relevance is frequently questioned. In a world shaped by technological delegation of thought and ideological contraction, these fields preserve the conditions under which judgment, responsibility, and meaningful civic engagement remain possible.

Bára Jóhannesdóttir, 2009

Haustið 2006 hóf ég nám í nútímafræði við Háskólann á Akureyri. Námið, sem er þverfaglegs eðlis, reynist afar heppilegt fyrir einstaklinga sem eru að móta eða endurmeta náms- og starfsstefnu sína. Fyrir nemendur sem ekki hafa skýra mynd af þeim fræðasviðum sem þeir vilja leggja stund á, býður námið upp á fjölbreyttar leiðir til að kanna fræðileg viðfangsefni og þróa með sér þekkingu og áherslur.

Sem „eldri“ námsmaður skipti mig sérstaklega miklu máli að fá tækifæri til að prófa mig áfram í ólíkum námsþáttum og greina hvar raunveruleg áhugamál mín lægju. Á meðal þeirra námskeiða sem höfðu hvað mest áhrif voru þau er vörðuðu útópíur og dystópíur, sem og námskeið um Helförina. Þessi viðfangsefni varpa ljósi á samfélagsgerð, mannlega hegðun og pólitíska strauma, sem eiga ótvíræð samsvörun í samtímanum. Einnig höfðu námskeið í félagsfræði og afbrotafræði veruleg áhrif á sýn mína, og mótuðu þau fræðilegu sjónarhorn sem ég síðan hef notað til að skilja samfélagið og mannlega hegðun. Þar fann ég áhugasvið mitt og gat haldið námi áfram með skýrari fókusi.

Þau fræðilegu verkfæri og gagnrýnu aðferðir sem ég tileinkaði mér í náminu hafa reynst mér afar dýrmæt í starfi. Þverfagleg nálgun, fjölbreytileiki í viðfangsefnum og sú reynsla að búa á Akureyri og kynnast fjölbreyttum hópi fólks hafa haft djúpstæð áhrif á mig, bæði persónulega og faglega. Ég er jafnframt þakklát fyrir þau vinasambönd sem mynduðust á námsárunum og hafa staðið mér til stuðnings um árabil.

Nám í nútímafræði við Háskólann á Akureyri hefur veitt mér víðtæka þekkingu, aukið gagnrýna hugsun og opnað nýjar leiðir til þess að skilja og takast á við samfélagsleg viðfangsefni. Ég mæli eindregið með þessu námi fyrir alla sem vilja öðlast breiða fræðilega sýn og þróa með sér fjölbætta hæfni.

Takk fyrir mig, Háskólinn á Akureyri.

Eli Freysson, 2020

On a personal level, to *me*, the greatest value of my Modern Studies course was to help me better understand the human race, its history, and its present. Since our minds naturally

tend to revolve around our own lives and our own immediate little worlds, it can be easy to overlook the big picture of the *how* and *why* of forces that shape our lives.

Modern society is complex in a way that defies a brain that evolved to manage life as part of a small tribe of hunter-gatherers. It is a highly elaborate web of media, politics, human psychology, and the ongoing consequences of past events, which themselves are of course a part of an ongoing chain of cause and effect.

The ideas, science, and functions of media, politics and psychology are in a constant state of development, as the world around us changes at an ever-increasing rate. I would argue that psychology is the most important of these: The still-young science of human thought and behavior, due to its importance in the other two disciplines. Sadly, this is a double-edged sword, as understanding how to influence public perception is all too often weaponized by bad actors.

But that only underlines the importance of Modern Studies: Understanding the functions of current-day society, so that those functions are not turned against us.

Social sciences are also a defense against the simplistic thinking that certain forces use as their main weapon: The people who want to boil large-scale problems down to easy answers, false blame, and an us-versus-them cultural narrative for the sake of riling up anger in the name of short-term solutions to long-term issues. The wide scope of Modern Studies really drives home that there are no simple solutions, and that the people who promise them need to be guarded against.

So, on a broader level than simply my own wisdom and understanding, Modern Studies and social sciences in general are of greater importance than ever to mankind, and will continue to be so in a world battling the effects of AI, large-scale manipulation, and short-sighted extremism.

Eeva Kilk, 2013

I completed my BA degree in Modern Studies at the University of Akureyri (UNAK) in 2013. That degree became the foundation of my academic development and has decisively shaped

the direction of my work. After completing an MA in Politics and now undertaking my PhD research in civic engagement, I can clearly trace the roots of my research interests and academic approach to the education I received in the Modern Studies programme.

The programme equipped me with breadth and perspective. Through sustained study of philosophy, history, literature, and sociology, I developed a wide understanding of how modern societies have taken shape. I learned to connect political and social developments to their historical foundations and to recognise how ideas evolve over time. Concepts such as democracy, freedom, secularisation, and globalisation became grounded in context rather than treated as abstract notions. This ability to situate contemporary questions within longer developments continues to guide my research.

A defining strength of the programme was its interdisciplinary structure. Working across different fields developed my ability to approach problems from multiple perspectives. I learned to combine historical awareness with philosophical reflection and social analysis, integrating these approaches into coherent arguments. This capacity to think across boundaries has been invaluable in my later studies, particularly in political theory and civic research, where complex issues rarely fit neatly within a single framework.

It also equipped me with strong independent working skills. Research essays and extended projects required planning, discipline, and sustained focus. I learned how to formulate precise research questions, structure arguments logically, and support them with carefully selected sources. I gained confidence in handling demanding academic texts and in presenting my own ideas clearly and systematically. These skills formed the basis for my MA in Politics and continue to support my doctoral research.

Equally important was the emphasis on discussion and shared responsibility. Seminar work required thoughtful participation, careful listening, and constructive engagement with differing viewpoints. This strengthened my ability to communicate complex ideas clearly and reinforced my interest in civic participation and democratic life.

Completing the Modern Studies programme at UNAK did more than prepare me for further study; it shaped my academic identity. It provided a strong intellectual foundation, practical research competence, and a broad outlook that continues to guide my work. Its impact has

been lasting and decisive in shaping the scholar I have become.

Elínborg Sigurðardóttir, 2010

Ég ákvað að skella mér í nam haustið 2007 og eftir miklar vangaveltur um hvað mig langaði að læra varð nútímafræði fyrir valinu. Mer fannst margir áfangar spennandi en þar sem ég hafði aldrei unnið við tölvur þá varð það mín stærsta hindrun fyrsta hálfu árið í náminu.

Það sem er skemmtilegt við námið í nútímafræði er samsetning ólíkra fræðigreina eins og heimspeki, fjölmiðlafræði og kynjafræði svo eitthvað sé nefnt en það sem hefur gagnast mér allra mest eftir námið er gagnrýn hugsun. Mikil áhersla var lögð á gagnrýna hugsun í öllu náminu og tel ég hana afar mikilvæga í dag vegna aukinnar notkunar á gervigreind og falsfrétta í samfélagsmiðlum. Það getur verið erfitt að átta sig á því hvað er sannleikur og hvað er uppspuni og þá er gott að grípa til þess sem við lærðum í nútímafræði og vera á varðbergi gegn hinum ýmsu fordómum og allskonar bulli.

Hættulegustu viðhorfin eru kannski neikvæð viðhorf til útlendinga. Nú hef ég upplifað það að vera sjálf útlendingur síðastliðin 14 ár her í Noregi og umræðan er engu skárri hér en á Íslandi. Að vera útlendingur í öðru landi fær mann til að sjá og upplifa fordóma sjálfur.

Námið í nútímafræði kenndi mér að hafa opinn huga fyrir fjölbreytileikanum og að bera virðingu fyrir menningu og trú annarra. Við sem erum með gagnrýna hugsun verðum að standa upp gegn heimskulegum og jafnvel hættulegum skoðunum og þá um leið notum við námið okkar til góðs.

Elísabet Katrín Friðriksdóttir, 2010

Haustið 2007 gekk ég í fyrsta sinn inn í húsnæði HA, gjörsamlega með hjartað í buxunum og höfuðið fullt af efasemdum um eigið ágæti. „Hvað ert þú að þykjast eiga erindi í háskólanám komin á fertugsaldurinn, skólafélagarnir verða allir nýútskrifaður úr menntaskóla og vita allt en ég ekki neitt“ söng í höfðinu á mér í ýmsum útgáfum. Nýnemadagar og kynningar á námskeiðunum framundan.

Í stuttu máli þá kom það fljótt í ljós að ég hefði ekki þurft að hafa neinar áhyggjur, sem

betur fer. Samnemendur mínir voru fáir en á hinum ýmsu æviskeiðum og allir frábærir. Þessi þrjú ár í nútímafræðinni voru bæði hugvikkandi, skemmtileg og áhugaverð. Það sem mér fannst frábært við námið var að í fyrsta lagi er það sniðið að fólki eins og mér, sem gat ómögulega ákveðið hvað ég ætti að læra og þar sem þetta er þverfaglegt nám er hægt að velja sér áfanga af ólíkum sviðum. Í öðru lagi þá opnar þetta sjóndeildarhringinn upp á gátt og kennir manni gagnrýna hugsun. Einnig hef ég oft hugsað um það hversu mikils virði það var að hafa kennara af öðru þjóðerni, en það jafnast á við að hafa farið í smá skiptinám til Ítalíu og Þýskalands að hafa verið þess aðnjótandi að fá kennslu frá Giorgio Baruchello og Markusi Meckl. Þeir voru með ólíka nálgun á kennsluna og gerðu meiri kröfur, sem var gott, þótt maður hafi upplifað þakklætið meira í baksýnispeglinum.

Í nútímafræðináminu kynntist ég heimspeki og siðfræði en það leiddi mig svo út í frekara nám við HÍ þar sem ég kláraði M.A. gráðu í hagnýtri siðfræði, með áherslu á náttúru og umhverfissiðfræði. Það er einmitt þetta sem er svo stórkostlegt við nútímafræðina, að geta nýtt námið til að kynnast hinum ýmsu greinum á hug- og félagsvísindasviðinu og finna sína leið. Reyndar er sá hængur á að of lítil áhersla er á siðfræði í samfélaginu, sem gerir það að verkum að atvinnumöguleikar eru kannski ekki jafn margir og í öðrum greinum, en það er önnur saga.

En í nútímafræðinni örvaði ég námsgáfur mínar, uppgötvaði að ég gat leyst verkefni, gat hugsað sjálfstætt og gert kröfur á aðra í kringum mig. Þetta hefur að ég hygg aldrei verið mikilvægara en einmitt núna, þegar við lifum á tíma tæknialdar og við erum hársbreidd frá því að forheimskast í heimi tölvu og tækni. Í dag þarf enginn að hugsa, enginn að ræða málin, enginn að koma með hugmyndir, enginn að setja saman kennsluefni eða fyrirlestur, það er bara öllu dælt í gervigreindina og hún svarar á kurteislegan og þjónandi hátt. Hvar er gagnrýnin hugsun?

Ég tel að staða nútímafræðinnar sé sterk, þar sem hún byggir á traustum og góðum grunni. Það væri gaman að sjá þetta nám vaxa og dafna enn frekar og að boðið væri upp á framhaldsnám í nútímafræði. Þegar ég útskrifaðist vorið 2010, þá hefði ég gjarnan viljað geta haldið áfram í HA og tekið mitt meistaranám þar. Það er alltaf sú hætta (ef hættu skyldi kalla) að nemendur sem flytjast til Reykjavíkur til að sækja sér framhaldsmenntun, í lengist þar í lengri eða skemmri tíma, sem er alltaf bagalegt fyrir bæjarfélagið í heild sinni.

Ég get fullyrt það að námið í nútímafræði við Háskólann á Akureyri, breytti lífi mínu á jákvæðan hátt. Ég fékk meiri trú á sjálfri mér og sá í leiðinni samfélagið og í raun heiminn allan í nýju ljósi. Strax eftir fyrstu önnina í skólanum, þá fannst mér að þetta þyrftu allir að upplifa! Kannski óraunhæft, en hugsunin á bak við þessa óra, var sú að þetta nám getur forðað manni frá hjarðhegðun og hjarðhugsun sem er svo mikilvægt að forðast. Gagnrýnin hugsun er eitt það besta hjálpartæki sem hægt er að senda ungt fólk með út í lífið og aldrei of seint að læra að beita gagnrýnni hugsun.

Ef ég man rétt, þá var samfélagsmiðillinn Facebook að fara af stað um svipað leyti og ég var í nútímafræðináminu. Þá var þetta frekar einfaldur miðill; þar setti maður inn fróðlegar færslur um göngutúra dagsins eða matseld og upplýsti stöku sinnum um helstu afrek af skemmtanalífinu í formi „þynnkupósta“. Þá var þetta fremur saklaus miðill, en síðan þá hefur þetta breyst í einn helsta drullupoll hatursorðræðu og yfirlýsingaógleði. Þarna forðast fólk rökræður eins og heitan eldinn, en sá háttur er helst hafður á að fólk segir hvað því finnst og fyrr frýs í helvíti en að það skipti um skoðun. Þessu yrði auðbreytt ef allir myndu læra nútímafræði, ásamt heimspeki og siðfræði.

Já það er svo margt sem betur má fara og hvort sem maður fær tækifæri á að koma að því að reyna að breyta því eður ei, þá er maður í það minnsta alltaf betur í stakk búinn til að fást við hvað sem er eftir þetta nám. Ég þakka Háskólanum á Akureyri og öllum þeim sem komu að kennslu við nútímafræði, þegar ég var þar við nám, kærlega fyrir, þið auðguðuð líf mitt á margan og misjafnan hátt. Takk fyrir mig!

Guðfinna Árnadóttir, 2014

Ég byrjaði að læra nútímafræði árið 2011, þá 25 ára. Ég hafði áhuga á mörgu og það var ein af ástæðunum fyrir því að ég hafði ekki valið mér námsleið fyrr og látið verða að því að skrá mig í nám. Á þeim tíma var ég tveggja barna móðir og þurfti að taka námslán ef ég ætlaði í nám og þess vegna vandaði ég mig sérstaklega við valið. En það kom að því að ég fór á kynningu á námsbrautunum í Háskólanum á Akureyri en það var stutt heimsókn, ákvörðunin var tekin á staðnum og ég vissi að nútímafræði væri námið fyrir mig. Námið var fjölbreytt og það besta var að ég gat aðlagð það að mínu áhugasviði. Námsleiðin í heild sinni var vel ígrunduð, skipulögð og það var rauður þráður í allri námsleiðinni. Námið opnaði fyrir gagnrýna hugsun, aukin skilning á fjölmörgu og ég varð áhugasamari um að skilja umhverfið

mitt betur, bæði nærumhverfið og heiminn allan. Námið kenndi mér mikilvægi þess að skilja söguna okkar og einnig að hún hefur áhrif á hegðun og val fólks, sem t.d. speglar sig í næstu kynslóðunum.

Eftir útskrift, gekk ekki vel í byrjun að fá vinnu sem mér fannst ég geta nýtt námið mitt í. Ég fékk síðar það verkefni að “finna” ungt virknilaust fólk og aðstoða þau við það að komast í virkni og veita ráðgjöf. Það væru breyttir tímar og ungt fólk, jafnvel undir 18 ára voru sum ekki í námi og hafði ekkert fyrir stafni, jafnvel datt inn í heim tækja t.d. tölvuleikja og aukna einangrun. Það vantaði þó tölfræði um það hversu margir þetta væru, því einstaklingarnir voru hvergi skráðir og var þetta því ákveðið úr frá tilfinningu að einhverju leyti. Þó var ákveðið að eyða fjármagni í þetta verkefni tímabundið. Einnig í þessum hópi var ungt atvinnulaust fólk og fólk sem fékk fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu. Ég varð síðar partur af því að sjá um lengra nám fyrir hóp sem var skemmtilegt og gefandi verkefni. Í þeim hóp var mikilvægt að allir fengu tilfinningu fyrir því að tilheyra samfélagi, hóp og fyndu fyrir tilgangi. Nútímafræðinámið nýttist mikið í þessu starfi, bæði við kynningar, að læra að skilja fólk, vita hvað nær til þeirra, hvað virkar, skilja hvað gerðist sem orsakaði aðstæður þeirra og svo framvegis.

Ég sótti síðar um starf sérfræðings hjá Skattinum á Akureyri og hef nú verið þar að verða um 9 ár. Það var stefna hjá embætti Ríkisskattstjóra á þeim tíma, að ráða fólk með fjölbreytta menntun. Þar voru nú þegar margir lögfræðingar, kennarar, fjölmiðlafræðingur, viðskiptafræðingar og fleira, en svo var ég ráðin og nú höfðu þau nútímafræðing. Nútímafræðinámið nýttist mér ekki síður á þessu sviði. Starfið krafðist ekki sérstakar menntunar beint, annað en háskólanáms. Ég sá fljótt að stærðfræði, lögfræði og annað var ekki eitthvað sem þurfti að vera mín sterka grein til að geta sinnt starfinu mínu vel, heldur það að skilja fólk og hegðun þeirra. Skilja hvað fólk meinti, sýna skilning og útskýra a mannlegan hátt en svara hnitmiðað og skýrt, rýna í gögn, finna hvað virkar og hvað ekki. Ég þurfti að setja mig í mannlegar stellingar og skilja að eftir t.d. efnahagshrunið, Covid, hamfarirnar í Grindarvík og fleiri viðburði, þá bjó fólk við aðrar og erfiðar aðstæður.

Embættið sem ég starfaði hjá hafði þar mikilvægt hlutverk í samfélaginu og hélt utan um mikilvæg úrræði og umsóknir sem almenningur nýtti sér. Úrræðin þurfti að móta og túlka eftir lögum en einnig gera aðgengileg og útskýra a mannlegan hátt og gæta þess að upplýsingarefni Skattsins væri skírt, aðgangur fólks að embættinu væri góður og andlega

þurfti að mæta fólki á þeirra stað og þeirra aðstæðum en jafnframt á sama tíma vera stærsti innheimtumaður ríkissjóðs og þurfum vissulega að fara eftir lögum og skyldum. Embættið var orðið þjónustufyrirtæki og breytt að mörgu leyti. Ég sé alltaf betur og betur að námið skilur eftir sig haf af fróðleik. Mér finnst það án efa hafa undirbúið mig i hvaða starf sem er og treysti mér i fjölbreytt verkefni eftir námið. Þakklát að hafa fundið og lært nútímafræði.

Hildur Friðriksdóttir, 2013

Besta leiðin til þess að skilja samtímamann er að setja hann í sögulegt samhengi. Að geta rýnt í þau öfl sem hafa mótandi áhrif á hugmyndir okkar og menningu og með hvaða hætti þau knýja fram samfélagsbreytingar. Allt er þetta þekking sem ég fékk út úr náminu í nútímafræði og ekki er verra að það veitti einnig óteljandi tækifæri til þess að velta vöngum, spyrja spurninga og efast.

Getan til að setja hluti í samhengi skiptir ekki síst máli á tímum þar sem sameiginleg viðmið virðast vera að gliðna í sundur og einfaldar eða öfgakenndar skýringar fá aukið rými. Við lifum á tímum þar sem tæknin getur, þrátt fyrir alla sína kosti, dregið úr gagnrýninni hugsun og ýtt undir of einfaldar – og jafnvel hættulegar – lausnir. Í slíku umhverfi er vegið sé að mannréttindum, lýðræðislegar stofnanir virðast veikjast og mannleg reisn víkur fyrir ótta eða valdi. Þess vegna tel ég gagnrýna hugsun vera orðna eina af mikilvægustu hæfni samtímans: að kunna að spyrja, draga í efa og setja hluti í rétt samhengi.

Nú þrettán árum eftir útskrift, geri ég mér betur grein fyrir því hvað námið gaf mér í raun og veru. Ekki bara fræðilega þekkingu, heldur líka hæfni til að líta á heiminn með gagnrýnu hugarfari og meðvitaðri tilfinningu fyrir því að ekkert er sjálfgefið. Og ef eitthvað stendur upp úr eftir allan þennan tíma, þá er það þetta: að halda áfram að spyrja, halda áfram að læra og halda áfram að reyna að skilja heiminn sem við erum stöðugt að móta – saman.

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, 2010

Ég hóf nám í nútímafræði veturinn 2001-2002. Nútímafræði var þá einungis kennd sem aukagrein (30 einingar í þáverandi kerfi). Þetta var í annað skipti sem námsgreinin var kennd við Háskólann á Akureyri. Við vorum 15-20 nemendur þann vetur, nokkuð fleiri en árið áður. Það er samt óhætt að segja að þennan vetur hafi yfirgnæfandi meirihluti nemenda

verið konur, þótt sumir áfanganna hafi reyndar verið kenndir saman með stærri hópum. Í náminu voru almennir kúrsar í aðferðafræði og því sem jafna má til heimspekilegra forspjallsvísinda, en einnig fög með áherslu á nútímann. Þau fög skilja mest eftir sig í endurminningunni, bæði vegna þess að þau kjörnuðu hvað nútíminn felur í sér sem sagnfræðilegt tímabil, en einnig var í þeim fjallað um helstu stefnur og strauma í bókmenntum, heimspeki og sálfræði frá 1800 og fram til okkar daga.

Fyrir mig, sem var nýskriðinn úr framhaldsskóla, var til mikils að skilja bæði samfélags- og menningarlegar breytingar á Íslandi frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Mér fannst eins og í skólakerfinu hefðum við varla náð að fjalla um 20. öldina, líklega af því að hún var enn að renna sitt skeið á sama tíma og ég var í námi. Ég náði því að verða hluti af 20. öldinni og klára hana, en var við upphaf 21. aldarinnar litlu nær um allt það sem þá var orðinn hluti af því liðna. Og ef skólinn átti ekki að miðla þessum upplýsingum til manns, hver átti þá að sinna því?

Í endurminningunni var Akureyri enn suðupunktur breytinga árið 2001, nokkuð sem auðveldlega ætti að vera hægt að staðfesta: Glerártorg var þá tiltölulega nýlega risið og niðurrif Sambandsverksmiðjanna sömuleiðis nýlega frá. Ekki var enn liðinn áratugur frá því Listagilið hafði tekið til starfa. Háskólinn á Akureyri var á þessum árum í fyrsta sinn að vinna úr því að nemendur voru orðnir meira en 1000 manns. Samhliða þessu voru miklar breytingar á KEA og fyrirtækjum í eigu þess á umræddum árum og einkafyrirtæki tóku við sem burðarásar fyrir samfélagið. Að ekki sé minnst á aðrar samfélagslegar umbyltingar sem þá voru enn í farvatninu: Stafræna byltingin átti þá enn eftir að snerta við hverju einasta atriði í lífi fólks. Einkavæðing bankanna var þá enn ókláruð, en langfyrirferðamesta málið í stjórnmalunum þessi ár voru fyrirhugaðar framkvæmdir austanlands: Fyrst sneru spjótin að Eyjabökkum, eftir það var umræðan öll um Kárahnjúka. Eftir þennan vetur, hélt ég í nám til Reykjavíkur til að læra aðalgrein á móti einingunum 30 í nútímafræði.

Til að gera langdregna sögu stutta lauk ég B.A. prófi í nútímafræði 2010 eftir talsverða leit, jafnvel eyðimerkurgöngu. Þá sögu ætla ég ekki að rekja hér, aðeins að láta þess getið að á þessum fyrsta áratugi 21. aldarinnar höfðu orðið miklar breytingar á námsframboði við HA. Ný deild hafði verið stofnuð sem meðal annars hafði í för með sér grundvallarbreytingar á námi í nútímafræði og við lok áratugarins var hún kennd sem aðalgrein við HA. Árið eftir, 2011, lauk ég námi í lögfræði og hafði þá lokið bæði BA og ML gráðum í lögfræði samhliða

nútímafræðinni.

Ég á margar góðar minningar úr náminu í nútímafræði, hvort heldur sem er í tímum þar sem verið var að rökræða afstöðu til heimspekilegra texta eða bókmenntaverka. Þó leitar sterkast á mig núna, þegar verið er að fagna því að 20 ár eru síðan fyrstu BA nemendurnir voru útskrifaðir úr nútímafræði sem aðalgrein, að rifja upp yfirferð yfir ritgerð Kants: Hvað er upplýsing? og rýni/gagnrýni Foucaults á ritgerðina. Hugmyndin um nútímamann sem tímabil þar sem einstaklingurinn skapar sjálfan sig, þar sem gagnrýnin afstaða til lífsins og verðandinnar felur í sér könnun á bæði þekkingu okkar, sjálfræði og - umfram allt - mörkum. Það er ekki ástæða til að endursegja grein Foucaults um nútímamann hér. Vil einungis rifja þau upp, því þau höfðu eftir á að hyggja mótandi áhrif og opnuðu augu manns. Kannski gera þau það einnig fyrir aðra. Þakka samhliða því fyrir mig og fyrir árin í nútímafræðinni.

Hjörtur Ágústsson, 2009

Learning to Think Together: Notes from a Modern Studies Graduate in 2026

I graduated with a BA in Modern Studies from the University of Akureyri in the autumn of 2009. Writing these lines in early 2026, I find myself returning to the same questions that first drew me to the Humanities and Liberal Arts: How do we learn to think together? How do we cultivate judgement, solidarity and responsibility in a world that keeps accelerating?

Modern Studies sent me across three continents. A summer at the University of Hyderabad introduced me to a democracy larger and noisier than anything I had known, where debate spills into the street and philosophy meets everyday life. A semester in Monterrey at Tecnológico de Monterrey brought a different kind of energy, entrepreneurial, inventive, generous. Iceland, India and Mexico did not give me a single “worldview”. They gave me habits of mind, curiosity about difference, humility before complexity, and the courage to act with incomplete information. Those habits proved far more durable than any particular theory I learned.

For the past decade and a half I have worked at the intersection of international cooperation, education and youth work, most of it within European programmes. The day-to-

day reality is prosaic: drafting proposals, aligning budgets, organising exchanges, and making sure that good intentions survive contact with timetables. Yet the purpose is anything but prosaic. When teachers, school leaders and youth workers meet across borders, they practise the democratic arts: listening, negotiating meaning, making promises and keeping them. I have watched vulnerable teenagers from Iceland and Norway find common connection through extreme sports and special teachers from Croatia get inspired by colleagues from Reykjavik to improve the lives of disabled children in their own communities. That is the Humanities at work, not as a subject silo, but as a way of being with others and learning from others.

We are, however, living through a sobering moment. The international order that Europe built, backed by American power for much of the past eighty years, can no longer be treated as a constant. Trust cannot be outsourced. If Europe is to remain open, fair and secure, it must strengthen its internal cohesion and take greater responsibility for its external security. That security cannot be defined only by the machinery of war. It must include the integrity of the data and digital systems upon which our societies now depend.

Here the Humanities and Liberal Arts are not a luxury, they are strategic infrastructure. We need European public digital goods, communication platforms, payment systems and, yes, artificial intelligence, designed around democratic values, linguistic diversity and the rights of the child. Building them will require engineers and lawyers, economists and educators. But it will also require historians who remember why certain safeguards exist, philosophers who can argue about ends as well as means, and writers who can keep the language of the public realm human. Critical thinking is not a slogan. It is the slow discipline of asking better questions, naming trade-offs, and distinguishing between what can be automated and what must remain human.

I work daily with AI in education. Used well, it can widen access, personalise support and reduce drudgery for teachers. Used lazily, it can narrow curricula, reward shortcuts, and turn learning into a set of clickable transactions. The Humanities help us hold this tension. They remind us that technology is never neutral and that “efficiency” is not the highest educational good. The purpose of schooling is not simply to optimise performance but to form persons, citizens capable of deliberation, empathy and responsible action.

Despite the present turbulence, I am optimistic. I have seen how deeply European children and young people wish to cooperate and how ready teachers are to share craft knowledge. In classrooms from Reykjavík to Rijeka I have witnessed the quiet courage of educators who insist that every child belongs. That commitment is the best antidote to xenophobia and the politics of fear. It is also the best foundation for a Europe that relies on itself, not in the sense of closing in, but of standing up.

If the Humanities taught me anything, it is that democracy is a verb. It is something we keep doing together, reading critically, arguing honestly, changing our minds, and showing up for one another. Twenty years after the first BA in Modern Studies at UNAK, I am grateful that my education did not give me a final answer. It gave me a practice. And in a world of powerful tools and fragile truths, that practice may be our most practical asset.

Ingólfur Stefánsson, 2019

Það var ánægjulegt að fá verkefni frá Giorgio á ný eftir öll þessi ár. Ég ákvað að bíða með þennan texta fram á síðasta dag bara til þess að hafa þetta eins líkt tíma mínum í Nútímafræði við Háskólann á Akureyri og mögulegt væri, bara út af því, ég lofa, ég vildi bara hafa þetta eins.

Nútímafræði kom óvænt inn í líf mitt á tímamarki óvissu. Í menntaskóla vaknaði áhugi á heimspeki sem varð að lokum svo mikill að þegar kom að því að velja háskólanám kom ekkert annað til greina. Ég fór í Heimspeki við Háskóla Íslands. Ég hélt að ég væri gáfaðri en ég var eftir að hafa skautað tiltölulega létt í gegnum lífið á Akureyri. Þrátt fyrir að hafa aldrei verið sá sem var nálægt því að vera með hæstu einkunnirnar, eða haft nokkurn áhuga á því yfir höfuð, náði ég að klára Menntaskólann á Akureyri, og var þar með óstöðvandi. Mér var kippt snögg niður á jörðina nokkra mánuði inn í heimspekinámið sem að náði ekki bara að eyðileggja áhuga minn á heimspeki heldur einnig alla trú mína á því að ég gæti nokkurn tímann áorkað einhverju innan akademíu. Ég vildi bara lesa og læra, ég nennti ekki að eyða öllum mínum tíma í að skrifa heimildir nákvæmlega eins og Aristóteles gerði á sínum tíma, eða einhver af þeim, ég man ekki, ég kláraði aldrei námið.

Ég flutti heim til Akureyrar og byrjaði að vinna á leikskóla, það hentaði mér ekki heldur. Ég vissi ekkert hvað ég vildi. Góður vinur minn Pétur Karl var á þessum tíma að klára

Nútímafræði við Háskólann á Akureyri, ég vissi ekkert hvað það var en hann mældi með því fyrir mig og það sannaði sig að hann þekkti mig nokkuð vel. Námið hentaði mér, það var opið og möguleikar á að sníða það eftir mínum þörfum. Áhugi minn á heimspeki vaknaði á ný og á sama tíma áhugi á samfélags málefnum nútímans, Nútímafræði, ég fattaði hvað það var.

Námið var krefjandi en stóri munurinn var sá að ég hafði áhuga á því sem ég var að læra. Umhverfið var persónulegra en áður og ég fann að ég gat staðið mig ágætlega. Ég gerði þetta á mínum forsendum og ég fékk rými til að gera það, og ég lærði að hugsa, gagnrýna, færa rök og eitthvað meira örugglega, það er langt síðan.

Ég hafði ákveðna fordóma fyrir Háskólanum á Akureyri á þessum tíma, það var meira alvöru að fara í nám í Reykjavík eða í útlöndum í mínum huga, en ég hafði rangt fyrir mér. Ég hef stundað nám við Háskóla Íslands, Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi og einhvern háskóla í Hollandi sem ég man ekki hvað heitir, en Nútímafræðin í HA kenndi mér mest og hafði mest áhrif á mig persónulega. Ég er ekkert sérstakur í því að skrifa góðar ritgerðir eða halda fyrirlestra og mun aldrei verða, akademískar reglur henta mér illa og ég er of latur til þess að gera hlutina almennilega, þetta er ekki áfellingardómur á HA sem útskrifaði mig þrátt fyrir þetta allt, ég fékk betri einkunn í Mastersnámi í konunglega skólanum í Svíþjóð. Munurinn er sá að þar lærði ég voða lítið, og ég hef áttað mig á því að einkunnir eða staða skipta voða litlu máli, það sem skiptir máli er hvað maður lærir og tekur með sér út í lífið.

Ég vildi að fleiri myndu læra Nútímafræði, siðfræði, rök hugsun, sögu, og fá að þæla í því, hugsa aðeins. Því var kannski sóað á mig. Ég veit að það er mikið í gangi sem er voðalega hættulegt, samfélagsmiðlar, Trump og allt þetta sem þið hafið heyrt þúsund sinnum og einhver annar nútímafræðingur skrifar örugglega hér góða og rökstudda grein um, með tilvísanir úr náminu. Eins og fyrir mælin sögðu til um. Já þessu var kannski sóað á mig og ég spái stundum í því hvort það hefði verið betra að halda áfram á leikskólanum, sótt um vinnu hjá Samherja til að græða meiri pening, láta Snorra Mátsson mynda skoðanir mínar með 40 sekúndna myndbandsbútum á Facebook, þið vitið.

Þá ætti ég kannski meiri pening væri ég kannski ekki svona hrokafullur og bitur og þið væruð að lesa texta frá einhverjum sem gæti sagt ykkur meira um hvað vandamálið er. En ég held að ég haldi mig við það að vera þakklátur fyrir það sem Nútímafræðin kenndi mér,

að hugsa, spá, taka hlutum með fyrirvara og vilja það besta fyrir samfélagið og öll sem það mynda... og að geta vitnað í Descartes og Tocquevilles á þriðja bjór.

Til hamingju með afmælið Nútímafræði!

Ívar Ingimarsson, 2023

Aftengdur heimur: Við erum meira tengd en höfum að sama skapi aldrei verið eins fjarlægð hvort öðru. Samskipti í gengum netið koma ekki í stað raunverulegra samskipta af holdi og blóði. Það að sjást þjást á samfélagsmiðlum er ekki það sama og vera við hlið viðkomandi og finna þjáningar hans.

Óhamingja, misskipting, aftenging býr til óánægju sem auðvelt er að virkja. Við förum að kenna þeim um sem síst skildi, útlendingum, innflytjendum, samkynhneigðum. Við viljum gamla heiminn okkar aftur, án þess þó að vita hvernig hann var. Einföld orð fara að hljóma skynsamlega: “Gerum Ísland frábært aftur”.

Samfélagsmiðlar magna upp það versta í okkur. Slæmar fréttir ferðast hraðar en þær góðu og upphrópanir og skandalar búa til fyrirsagnir. Upplýsingaóreiða ræður ríkjum og sannleikurinn týnist í bulli. Lukkuriddarar færa okkur einfaldar lausnir á flóknum málefnum. Einmitt þá er aldrei mikilvægara en að einstaklingar geti metið það sem þeir sjá og heyra og kunni að leita sér upplýsingar hjá traustum viðurkenndum aðilum.

Alþjóðavæðing viðskiptanna hefur búið til ótrúlegan auð og velsæld sérstaklega þeirra ríkustu en líka ópersónulegan, misskiptan heim. Að segja starfsmanni upp búandi við hið hans er ekki það sama segja honum upp frá öðru landi. Hans sársauki verður ekki þinn heldur verður tap hans fleiri frí og kokteilar fyrir hluthafana.

Við þurfum að hafa tíma til að hugsa.

Fólk er aðþrengt í kapphlaupi um að borga af húsnæðislánnum, nýja bílnum eða betra sumarfrí. Við höfum ekki tíma og gervigreindin hugsar fyrir okkur. Hún er klárari en við en hún veit ekki hversu lífið er dýrmætt ekki frekar en guðirnir sem lifa að eilífu og öfunda mennina þess vegna. Það þarf bara einn góðhjartaðan mann til að

prógramma gervigreindina og biðja hana um að finna leið til að bjarga jörðinni. Það gæti orðið endirinn af mannkyninu.

Heimur þar sem allir ljúga og hinir sterkustu taka það sem þeir vilja gengur ekki upp. Fjölmiðlar eru fullir af fréttum og falsfréttum. Traust fólks á fjölmiðlum og stofnunum minnkar. Þeir sem nærast á ringulreið ýta undir það ástand. Umræðan verður öfgakennd, pólarnir rífast og stóri meirihlutinn í miðjunni hættir að láta sig málin varða eða þar til að ástandið fer að hafa bein áhrif á hann.

Ég trúi því að boðorðin 10 hafi verið leið manna til að koma reglu á samskipti sín svo þeir gætu lifað saman, en ekki verið boð af ofan. Ég trúi því að staðan sem er komin upp muni í auknu mæli minna okkur á mikilvægi þess að virða leikreglur og alþjóðalög (boðorð *nútímans*). Ég trúi því að í auknu mæli muni fólk hætta að nota samfélagsmiðla til að sækja sér upplýsingar því það er þreytandi að vita ekki hvort eitthvað sé satt eða lygi, og muni í auknu mæli leita í traustari áreiðanlegri miðla sem eru viðurkenndir sem slíkir.

Vandamál *nútímans* verða ekki leyst með einföldum lausnum eða tækninýjungum sem hægt er að nýta bæði til góðs og ills. Heldur með því að búa til samfélög sem búa til gott fólk. Samfélög sem hafa tími til að hlúa af einstaklingnum og kenna honum að virða samfélag sitt. Samfélög sem byggja upp sameiginlega innviði og hlúa af þörfum fólks til að lifa góðu lífi. Þannig samfélag trúi ég að búi til meira af góðu fólki sem þú myndir leita til á þínum verstu og bestu stundum, fólki sem þú myndir vilja eiga fyrir vin og myndir treysta fyrir þínu dýrmætasta, fólkinu þínu.

Til að búa til þannig samfélag þurfum við einstaklingarnir, og sérstaklega þeir sem eru aflögufærir að hugsa aðeins meira um hvað ég get gert fyrir samfélagið mitt í stað þess að hugsa hvað það geti gert fyrir mig.

Jóhann Ásmundsson, 2007

I submitted my BA thesis in Modern Studies in 2007, almost twenty years ago. I had enrolled in the university few years earlier. I had been stuck in a dead-end job on an assembly line. Even though I had been feeling the need to obtain further education, both for personal reasons and for carrier advancement, I did not know which direction I should go. I

attended an open house at the University of Iceland to see what was there for me. There I met a teacher from the university of Akureyri, Sigurður Kristinnsson. He told me about a line of study for people just like me - people who did not know what to study! - namely Modern Studies.

As I acquired my education through Modern Studies, I was introduced to, and encouraged to observe closely, underlying ideas and values behind the norm. We would seek answers to questions like: How does art and architecture reflect the spirit of the time? How and why do cities grow? Why do we have certain institutions and why do they function the way they do? What is the official function and formal policy? And what is the informal policy, and its almost invisible effects on people and society? From where arises the sense of self? And on that note, how can I personally lead a meaningful life and invent my own role, in order to shape myself and my community.

What one sees as a societal norm is not necessarily questioned or challenged. In a way, this was liberating to me on two grounds. Firstly, I was born into sets of norms reaching far back, and well outside of my control and responsibility. Secondly, it forced me to take a stance in relation to these underlying values and ideas. So, on the one hand, it freed me from, at times, the lunacy of the current affairs: the spirit of the time. But, on the other hand, it forced a sense of responsibility upon me, in the sense that I lived in the norm; I led a normal life. Even now, as far as my existence is interwoven with the norm and the spirit of the time, I am responsible.

The controversy being, then, that the only way for me to get to understand and influence the present is to research the past. I must be rooted in the past to bear fruit in the present. During my studies, I discovered that I had to learn to change my attitudes, and I had to change my opinions. I was literally forced to give up certain opinions and beliefs for the sake of wisdom and truth. For me, that is the essence of education.

I felt that I was taking a very important step when I enrolled in the University of Akureyri. I thought of myself as stepping out from the assembly line, moving from the mundane to the extraordinary. My first year in the university coincided with my daughter's first year in school: her first step in the lifelong journey of learning. Now, twenty years later, she is doing much better than I do, but that is another story! As I was helping her with her

